Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Bréf og skjöl fátækramála 1909-1910

Aðfnr. 1018, örk 18

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Fátækranefndarfundur 27. jan. '10. –

1, Stefán Guðmundsson biður um húsaleigust.
2, Upplýsingar um bæinn Einarshöfn
3, Benjamín Einarss. um að fá barn sitt til sín
4, Ingvar Sveinsson biður um 100 kr. lán
5, Styrkveiting Jóns Einarssonar, Laugav. 66 Gaulv. hr., 30 krónur
6, Styrkveiting Einars Jónatanssonar, Melstað, 15 krónur (Bæjarhrepps,
7, Styrkur Guðm. Björnssonar, Laugav. 77, 10 kr. (Vatnsleysustr. hrepps,
8, Styrkur Odds Oddssonar, Grettisg. 54. 30 krónur.
9, Ábyrgð tekin á legukostnaði stúlkunnar Lísebetu Sigmundardóttur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þriðjudag 27. jan. 1920

Stefán Guðmundsson um húsaleigu[illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Háttvirta, fátækranemd Reykjavíkur

Hjermeð leyfi jeg mjer að tjá hinni háttvirtu fátækranemd Rvíkur að jeg sje mjer ekki fært að hafa til lífsframfærslu fyrir mig og fjölskyldu mína nema með aðstoð af fátækrafje þessa bæjar þar sem jeg ekki gjet unnið einn einasta eyrir inn í heimilisþarfir með því að sitja hjer. Það er því mín innlegasta ósk að fátækrastjórnin veiti mjer í þessari minni áliggjandi nauðsin 30 kr. í matvælum handa heimilinu og auk þess alt að 10 kr í Peningum í fargjald handa sjálfum mjer nú með Ceres til Vestmanneyja þar sem jeg hef fulla von um að fá góða atvinnu þar í sumar og mun þá gjeta sent heimili mínu þá sem þá þarf í vetur til framfæris

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þess skal gjetið að jeg hef ekki nú í fleiri undanfarna daga haft neitt til lyfsframfærslu fyrir heimili mitt ~~s~~ nema sem gott fólk hefur gjert guðsverk á okkur. Jafn framt verð jeg að beiðast þess að fátækrastjórnin ábirgist fyrir mig frá þessum tíma. Húsaleigu þar sem jeg er sem er 5 kr um mánuðinn til Ekkju Guðrúnar Guðmundsdottir Laufásveg 43

Alla þessa hjálp skuldbind jeg mig til þess að borga á næstkomandi sumri ef G.l. af atvinnu minni jeg vil gjeta þess að ef að jeg fæ ekki lánað fyrir fargjaldinu til Vestmanneyja þá gjet jeg ekki komist þangað til þeirrar atvinnu sem jeg hef þar væntanlega enn mjer er í alla staði ómögulegt að ráða mig hjer á skútu hvað feiginn sem jeg vildi jeg vona góðann áráingur

Virðingarfyllst

Reykjavik 26 januar 1910

Ámundínus Jónsson

Send. 12/1 1910

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hjer með vil eg virðingarfyllst tilkynna hinni Heyðruðu Fátækra-nefnd að eg hef aungvar ástæður til að halda blinda ómagann Sigríði Jónsdóttir sem hjá mjer er og hefur dvalið hjá mjer hátt á annað ár. En aðal ástæður til þess eru þær að eg er ráðin í fasta vinnu með byrjun Aprílmánaðar n. k. til þess tíma get eg lofað henni að vera En ómögulega leingur, þó það sje móðir mín. því eg hef Ekki neina manerskju aðra í heymili nema börn sem geinguu í skóla.

af þessu svona lögðu verð eg að biðja hina Heyðruðu fátækranefnd svo vel gjöra og útvega móðir minni svo góðan og hentugan stað sem hægt væri og því hef eg þennan fyrirvara til apríl mánaðar

virðingarfyllst

Hverfisgötu 30 B 17 Janúar 1910

Guðrún Sveinsdóttir

F. Avk. 10/1 1910

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hjer með er það virðingarfylls
beyðni min að hin Heyðraða
Fátækranefnd vildi svo vel gjöra
og veyta mjer styrk til húsaleigu
sem er að upphæð 4 krónur um
mánuðinn, því þar eg er í hörðum
klípum með að hafa til viðurværis
Er eg í vandræðum með húsaleiguna.
og ef mjer mætti veytast þessi
beyðni min óska eg að það mætti
Reyknast frá 1 Januar þ. m.
og óska að fá svar við fyrsta
tækifæri

virðingarfylls

Laugaveg 43 B 18 Januar 1910

Pjetur Sigurðarson

J. Rach. 11/1910

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eg undirritaður leifi mér hér með að biðja hina háttvirtu fátækranefnd Reykjavíkur, að gjöra svo vel og lána mér úr bæjarsjóði Kr 100 sem endurborgist með veru Jóns gamla Þorfasonar sem hjá mér dvelur. En ef svo skildi fara að honum entist ekki aldur til að éta þessari upphæð finn eg mér skilt að endurborga það á annan hátt.
Eg vona að hin háttvirta fátækranefnd taki tillit til þess, að eg býst við að verða fyrir tilfinnanlegu eigna tjóni ef eg get ekki fengið þessa upphæð til að borga með áfallinn gjöld á eign þeirri sem eg hef undir höndum

Virðingarfylst

Reykjavík 25 janúar 1910

Ingvar Sveinsson Grettisgötu 22

Til fátækranefndarinnar í Reykjavík

f. Rvk. 13/2 10

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þar eð jeg undirskrifaður er algjörlega bjargarlaus fyrir mig og fjölskyldu mína leyfi jeg mjer virðingarfyllst að biðja hina háttvirtu fátækranefnd í Reykjavíkur að hlutast til um að jeg fái 50 króna bráðabyrgðalán upp á framfærsluhrepp minn. Bið jeg því þess að gerð verði tilsjón á heimili mínu og skoðaðar bjargarástæður mínar hið allrafyrsta þar eð hungur er farið að sverfa að á heimilinu.

Reykjavík, Óðinsgötu 1, 7da janúar 1913

Virðingarfyllst

Davíð Ólafsson

F. 1/1913

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Skýrsla

um þurfalinginn Oddur Oddsson, Grettisgötu 54

1. Fult nafn þurfalingsins Oddur Oddsson

2. Fæðingardagur og ár 12. nóv. 1854

3. Fæðingarstaður Króki, Kjalarnesi.

4. Framfærslusveit hans þá er hann varð 16 ára gamall? Kjalarneshreppur

5. Giftur hvar og hvenær? Reykjavík, ár 1906

6. Nafn konunnar, hvenær hún sé fædd og hvar? Þórunn Pétursdóttir 27. apríl 1864

7. Barnafjöldi og aldur þeirra 4 börn, 23, 5, 3 og 2 ára.

8. Æfiferill þurfalings eftir 16 ára aldur.

Hann dvaldi í fæðingarhreppi sínum til 20 ára aldurs; þaðan flutti hann að Bakkakoti á Seltjarnarnesi og dvaldi þar 10–11 ár þaðan flutti hann til Reykjavíkur og hefir dvalið þar síðan.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

9. Hvort og hvenær hann hafi þegið sveitarstyrk fyrir sig eða þá, sem hann er skyldur að framfæra að lögum, og hvort styrkurinn sé endurgoldinn?

Hefir ekki þegið styrk áður.

10. Hvort hann hafi lært nokkra handiðn?

Nej

11. Hvernig heilsufari hans sé háttað?

Er mjög heilsutæpur, getur ekki unnið nema mjög létta vinnu

12. Hvaða atvinnu hann hafi nú, er styrks er beiðst?

Hefir enga atvinnu

13. Hve mikið hann hafi á viku (á mánuði)?

Ekkert

14. Hvernig heilsufari konunnar sé háttað?

Hún er heilsutæp

15. Hvort hún vinni fyrir nokkru?

Nej

16. Hvort börnin geti unnið fyrir sér að einhverju leyti?

1 barnið vinnur fyrir sér.

17. Aðrar heimilisástæður þurfalingsins

Slæmar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

18. Hvers vegna hann er orðinn styrksþurfandi?

Vegna veikinda og ómennsku [illegible]

19. Hvaða eigur þurfalingur eigi

(hús)
Hann á 370 kr. í bæ, nr. 29 B við Njálsgötu.

20. Hvaða matbjörg hann eigi.

Enga.

Að skýrsla þessi sé rétt og sönn í alla staði, vottast hérmeð undir eiðs tilboð.

Oddur Oddsson

(Nafn þurfalings).

Framanritaða skýrslu hefi eg tekið í dag í viðurvist undirskrifaðra votta, og votta eg að skýrslan er rétt bókuð eftir framburði þurfalingsins.

Reykjavík þ. 22. januar 1910

Sigurjón Markússon

Vottar:

[illegible]

Jón Eyjólfsson

---

Skýrsla þessi skal tekin áður en utansveitarþurfaling er veittur styrkur, — nema styrksþörfin sé svo brýn. að til þess fáist ekki svigrúm, en þá svo fljótt sem unt er. Skýrslan skal gefin

a. af manninum sjálfum, ef hjón verða þurfandi og til hans næst; að öðrum kosti af
b konunni;
c. ef um einhleypar persónur er að ræða, af þurfaling sjálfum; og
d. ef um börn innan 16 ára er að ræða og hvorugt foreldra er innsveitis, eða þau eru dáin, af þeim mönnum nærstöddum, sem helst þekkja til.

Sé skýrslan eigi tekin á löglegan hátt, eða svo fljótt og svo fullkomin sem unt er, þá missir hlutaðeigandi sveitarfélag rétt til endurgjalds á styrknum, sjá 64. og 65 gr. fátækralaganna sbr og og 66. gr.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Samkvæmt Manntalsbókum Reykjavíkurprestakalls vottast, að Oddur Oddsson, nú til heimilis á Grettisg. 54, hefir þannig verið skrifaður í manntali bæjarins:

Lágholti 1894 og 1895, Eiríksbæ á Selsholti 1896, Miðhúsum á Selsholti 1897, Reynisstað 1898, Hverfisg. 22 1899, á sama stað 1900, Grettisg. 14 - 1901, Grettisg. 27 - 1902 og 1903, Njálsg. í nýju húsi 1904, Njálsg. 29 - 1905 og 1906, Grettisg. 54 1907 og 1908. ———

Reykjavík, 22. janúar 1910

Jóhann Þorkelsson

dómk. prestur. —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur